

# VANGAVELTUR UM ÚTLIT Á VIÐBYGGINGU JE VÉLAVERKSTÆÐIS



NORÐUR



AUSTUR



SUÐUR

## Formáli:

Það ber að líta á eftirfarandi sem vangaveltur í stað tillagna. Vegna skamms fyrirvara vannst ekki tími til að vinna og hugsa neinar endanlegar tillögur.

Nálgunin er frekar að fella húsið inn í umhverfið og brjóta upp línur þess í stað þess að vinna einhverja lágmynd eða „listaverk“ á austurhlið, sem er mest dóminerandi og snýr að Rammatúninu, sem stundum er notað sem tjaldstæði á sumrum. Mitt mat er að einhver skreyting dragi frekar athygli að bygginguni og að hún stingi frekar í stúf við umhverfið en ellegar ef stórslegin eða lýst lágmynd eins og gert var við Genis/Siglóseig skemmuna við bátadokkina. Sá bæjarhluti er allt annars eðlis.

Ég reyni líka að sýna gróflega hvernig afstaða afstaða og útlit hússins er í umhverfinu. Umhverfið ber allt viðmót iðnaðar og hafnarsvæðis með fiskvinnslu Rammans í suð austur, JE vélaverkstæði til vesturs og Skemmu og vigtarskúr til suðurs. Nýbyggingin hvorki bætir við né dregur frá því viðmóti sem fyrir er að mínu mati að því gefnu að vandað sé til litavals og eða felumynstur.

Húsið skyggir ekki afgerandi á umhverfið þótt það sé hærra en meðfylgjandi byggingar. Eins og sjá má af myndum, þá tekur það eilítið af útsýni í suður frá Gránugötu, eða álíka og Genishúsið vestan við JE. Þetta er óverulegt, eins og sýnilegt er á myndum.

## Útlit og afstaða:



Séð í vestur (hlutlaus litur)



Séð í suður (hlutlaus litur)

V




N


Ofan



Norðuhlið



Vesturhlið



Austurhlið

# Fjallamynstur



## NORÐURHLIÐ

Það mætti líta á þessa hugmynd sem blöndu af felulit og listtengdri nálgun. Litapalettan er ekki niðurnegld hér, en hugmyndin er að hún nálgist meðaltalslit í fjöllum umhverfis að sumarlagi. Ekki náðist að taka bærilegar bakgrunnsmyndir vegna veðurs. Hurðir geta haft sama viðmót.

Það má nefna að litaval mitt á siglóhótelmi miðaði að sömu grunnhugmynd að nota meðtal lita úr fjalla-hringnum til að fella mjög stóra byggingu að umhverfinu og láta hana sýnast minni.


Fyrsta hugmynd er að hafa þakið ómálað alusink, sem endurspeglar himininn frekar en að gefa massífa litaða línu.



## AUSTURHLIÐ (AÐ RAMMATÚNI)



Önnur hugmynd er að brjóta upp línur hússins og fylgja bæði legu hryggja í fjallinu og hafa flákana í jarðlitum. Þessi hugmynd er ekki fullunnin hvað liti varðar en ætti að skila hugsuninni.



Að lokum má hugsa sér einhverskonar lágmynd á austurhlið Sem bryti upp flötinn í leiðinni. Hana mætti baklýsa til að auka áhrif hennar að kvöldlagi, eins og gert er við vesturhlið Genis / Siglóseig skemmuna.

Þessi framsetning er bara hugmynd til að sýna hvernig brjóta mætti stærstu fleti upp, en er ekki bindandi. Fara þarf í sértæka hönnunarvinnu til að landa þeirri niðurstöðu sem líkar best.

05.10.2021

Jón Steinar Ragnarsson.